

AUGLÝSING

176

28. nóv.

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Aðalbrautarréttur á eftirtöldum götum:

Tryggvagötu. Aðalbrautarrétturinn gildi þó ekki gagnvart Kalkofnsvegi.

Mýrargötu. Aðalbrautarrétturinn gildi þó ekki gagnvart Ánanaustum.

Ægissíðu. Aðalbrautarrétturinn gildi þó ekki gagnvart Kaplaskjóli.

Kleppsvegi.

Rauðarárstíg milli Miklubrautar og Laugavegar. Aðalbrautarrétturinn gildi þó ekki gagnvart Laugavegi og Miklubraut.

2. Bann við bifreiðastöðum á eftirtöldum götum:

Lindargötu, sunnanmegin götunnar frá Frakkastíg að Vitastíg.

Skúlagötu, norðanmegin götunnar frá Ingólfsstræti að Skúlatorgi.

3. Biðskylda á eftirtöldum götum:

Lokastíg gagnvart umferð um Njarðargötu.

Múlavegi við Laugarásveg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 28. nóvember 1961.

Sigurjón Sigurðsson.

REIKNINGUR

177

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs hins Tíunda
og Alexandrine drottningar árið 1960.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun:

Innstæða í Söfnunarsjóði nr. 706 kr. 39173.93

2. Vextir af söfnunarsjóðsinnstæðu — 2546.31

Kr. 41720.24

Gjöld:

Innstæða í Söfnunarsjóði til næsta árs kr. 41720.24

Kr. 41720.24

Í félagsmálaráðuneytinu, 29. maí 1961.

Hjálmar Vilhjálmsson.